

Samantekt yfir umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 (jafnlaunakerfi)

Í Samráðsgátt 2. júní – 7. júlí 2025

Ráðuneytinu bárust 13 umsagnir um áformaskjalið.

Meðal annars var bent á að gæta þyrfti vel að jafnréttissjónarmiðum og að markmiðum jafnréttislaga um jöfn laun væri fylgt þó verið væri að einfalda jafnlaunakerfið og gera það hagkvæmara. Sumir voruðu við rýmkun stærðarmarka fyrirtækja og stofnana í því samhengi. Einnig var bent á mikilvægi þess fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs að ekki væru til staðar óþarfa íþyngjandi kvaðir og að betra færi á því að jafnlaunavottun væri valkvæð. Þó nokkrir nefndu að taka þyrfti mið af tilskipun Evrópusambandsins nr. 2023/970 við endurskoðunina og nánast allir lögðu áherslu á að samráð yrði haft við hagsmunaaðila við vinnslu frumvarpsins. Nokkrir studdu jafnlaunakerfið í núverandi mynd á meðan aðrir fögnuðu fyrirhugaðri og tímabærri endurskoðun á jafnlaunakerfinu.

Umsagnirnar verða teknar til skoðunar við vinnslu fyrirhugaðs frumvarps. Þegar frumvarpið liggur fyrir verður það sett í Samráðsgátt og kostur gefinn á athugasemdum.